

# Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

258. tbl. 70. árg.

FIMMTUDAGUR 10. NÓVEMBER 1983

Prentsmiðja Morgunblaðsins

## Hollenzka bjórframleiðandannum Heineken rænt í gær

Amsterdam, 9. nóvember. AP. ALFRED Heineken, forstjóra hinna risavöxnu bjórverksmiðja í Hollandi, var rænt í kvöld fyrir utan skrifstofu hans í Amsterdam. Skýrði lögreglan frá því, að þrír menn hefðu ráðizt á Heineken, þar sem hann stóð á gangstéttinni, hríntu honum inn í bifreið sína og óku síðan með leifturhraða á brott.

Lögreglan í Amsterdam lét þegar í stað setja upp vegarhindranir víða um borgina og viðbótarlögreglulið var jafnframt kallað út, þar á meðal leynilögregluemnn. Þremur klukkustundum eftir mannránið höfðu ræningjarnir ekkert látið frá sér heyra og engin krafa um lausnargjald verið borin fram.

Það var leigubílstjóri, sem tilkynnti mannránið til lögreglunnar. Varð hann vitni að því, er mannræningjarnir gripu bæði Heineken og bílstjóra hans, Doderer að nafni, sem er 57 ára að aldri. Ræningjarnir börðu þann síðarnefnda illa, en hirtu ekki um að taka hann með sér.

Ad beiðni lögreglunnar reyndi leigubílstjórinn að fylgja mannræningjunum eftir og tókst það nokkra leið, en missti þá síðan úr auglýs.

Nokkru síðar tilkynnti lögreglu maður, sem ekki var á vakt, að hann hefði séð hóp manna skipta um bifreið og fara yfir í bifreið af Citroen-gerð, sem síðan var ekið brott á ógnarhraða.

## Ný reiki-stjarna?

Washington, 9. nóvember. AP. Stjórnfræðingar hafa uppgötvað nýjan hlut — annað hvort reikistjörnu eða halastjörnu — sem fer nær sólu á braut sinni en nokkrar aðrar stjörnur í sólfkerfinu, sem vitad var um áður.

Skýrðu vísindamenn í Washington frá þessu í dag. „Við höfum uppgötvað nýja aðferð til þess að rannsaka alheiminn“, sagði James M. Beggs, sem stjórnad hefur þessum rannsóknum.

Uppgötvannir sínar hafa stjarnfræðingarnir gert með atbeina stjörnufræðis, sem komið var fyrir í geimfari, er skotið var á loft fyrr á þessu ári.



Bandarískir sérfræðingar með hljóðmælingateki tóku þátt í leitinni að TF-Rán á Jökulfjörðum í gærkvöldi. Myndin var tekin þegar leit var að ljúka seint í gærkvöldi og sýnir bát bandarísku sérfræðinganna hífðan um borð í varðskipið Óðin. Morgunblaðið-síammynd/RAX.

## Leitin að TF-Rán enn árangurslaus:

# Dýptarmælar sýna þúst á 70—80 metra dýpi

— leitað til bandaríska flotans um hugsanlega aðstoð við björgun flaksins af hafsbotni

LEIT AÐ mönnum fjórum, sem voru um borð í Landhelgisgæsluþryllunni TF-Rán þegar hún fór út af Kvíum í Jökulfjörðum í fyrrkvöld, hefur ekki borið árangur. Skipstjórar á rækjubátum frá Ísafirði, sem tóku þátt í leitinni í fyrri nótt og í gær, telja dýptarmæla bátanna sýna þúst á um 70—80 metra dýpi 0,7—0,8 mílur suðaustur af Kvíum. Öll áhersla verður nú lögð á að komast að flaki þryllunnar og hefur af hálfu Landhelgisgæslunnar verið kannað hjá bandaríska flotanum hvort mögulegt væri að fá aðstoð þadan ef með þyrfti, að sögn Jóns Magnússonar, lögmanns Landhelgisgæslunnar.

Mennirnir fjórir, sem saknað er, heita Björn Jónsson, flugstjóri, Þórhallur Karlsson, flugstjóri, Bjarni Jóhannesson, flugvélstjóri, og Sigurjón Ingi Sigurjónsson, stýrimaður. Alls leitudu nærri tuttugu skip og bátar á slysstaðnum í gær, auk þyrllu af danska varðskipinu Vædderen og félagi í björgunar- og hjálparveitum. Halda átti leitinni áfram í birtingu í morgun.

Síðdegis í gær kom Gæsluflugvél TF-Sýn til Ísafjarðar með 10

menn frá Landhelgisgæslunni, rannsóknarnefnd flugslysa og varnarliðinu. Höfðu þeir með sér tæki til að nema hljóðmerki frá flakinu. „Þetta hlustunartæki er ekki langdrægt, þannig að það gæti tekið talsverðan tíma að greina merkin“, sagði Gunnar Bergsteinnsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, í samtali við blm. Morgunblaðsins í gærkvöld. „Það þarf væntanlega að fara oft yfir svæðið áður en tekst að greina merki frá þryllunni, en í

henni er svokallaður „sonar ping-er“, eða hljóðgjafi til að staðsetja flak neðansjárvar.“

Ísfrískir skipstjórar sögðu blaðamanni Mbl. á Ísafirði í gær, að þeir hefðu um hádegisdag orðið varir við þúst á um 70—80 metra dýpi á slysstaðnum en dýptarmælar þeirra gátu ekki leitt öyggjandi í ljós að þar væri flakið af TF-Rán. Skúli Jón Sigurðarson í Loftferðaefirlitinu og Þorsteinn Þorsteinnsson frá Landhelgisgæslunni sögðu meginverkefni hópsins, er kom til Ísafjarðar, vera að staðsetja flakið nákvæmlega og undirbúa björgunaraðgerðir. Þjuggust þeir við að björgunin gæti orðið tímafrek og erfið væri flakið á jafn miklu dýpi og skipstjórnarnir teldu.

Það var kl. 22.53 í fyrrkvöld, sem TF-Rán tók sig á loft frá varðskipinu Óðni skammt utan

við Kvíar á milli Veidileysufjarðar og Lónafjarðar. Var þyrllan þá að fara í æfingaflug. Nokkrum andartökum síðar heyrðu varðskipsmenn ókennilegt hljóð í gegnum talstöðina og nær samstundis sást ljósleiftur, eins og frá lendingarljósum þryllunnar. „Síðan heyrðist ekkert meira“, sagði Höskuldur Skarphéðinsson, skipherra á Óðni, í samtali við blm. Morgunblaðsins. Leit hófst þegar í stað og um klukkan eitt um nóttina fannst brak úr þryllunni, þ.á.m. brot úr hjólahlífl og óuppblásin björgunarvesti. Síðan hefur ekkert fundist. Gunnar Bergsteinnsson sagði í gærkvöldi, að menn væru jafn nær um orsakir slyssins; ekkert það hefði komið fram umfram það, sem fyrst hefði verið vitad, sem gæfi viðbendingar.

Sjá nánar á bls. 2, 3 og miðopnu.

## Arafat hvetur menn sína:

# „Berjumst unzt yfir lýkur“

Tripólí, 9. nóvember. AP. „ENGINN árangur hefur enn náðst nokkurs staðar“, sagði Yasser Arafat, leiðtogi Frelsisfylkingar Palestínumanna (PLO), í dag um viðræður þær, sem nú fara fram á mörgum stöðum í von um vopnahlé milli stuðningsmanna hans og uppreisnarmanna innan PLO. Héldu þeir síðarnefndu uppi viðstöðulausri skothríð á stuðningsmenn Arafats í Badawi-flóttamannabúðunum fyrir utan borgina Tripólí með flugskeytum og fallbyssum og nutu þar aðstoðar stórskotaliðs Sýrlendinga á nærliggjandi hæðum.

„Það er engin von um grið. Við munum berjast, unzt yfir lýkur“, sagði Arafat við liðsmenn sína í dag, er þeir bjuggu sig undir úrslitaorrustuna. Héldu þeir uppi harðri skothríð á andstæðinga sína með flugskeytum og úr fallbyssum frá byggingum inni í borginni. Í

allan dag logudu miklir eldar í olíuhreinsunarstöð í útjaðri Tripólí, án þess að slökkvilið kæmist þar nokkurs staðar nærri vegna bardaganna og stígu eldtungur og mikill reykjarmökkur þar hátt til himins. Þá höfðu eldar einnig kviknað á fleiri stöðum í borginni, þar sem

flugskeyti höfðu komið niður og sprungið. Hefur mikil skelfing gripid um sig á meðal íbúa borgarinnar, sem eru um hálf milljón.

Þrátt fyrir litlar horfur á samkomulagi var haldið uppi óvæntingarfullum tilraunum af hálfu margra Arabaþjóða í kvöld til þess að freista þess að fá Sýrlendinga og uppreisnarmenn innan PLO til þess að fallast á vopnahlé á síðustu stundu. Var sá orðrómur á kreiki, að uppreisnarmenn gerðu það að ófrávikjanlegu skilyrði fyrir vopnahléi, að Arafat færi frá

Tripólí og gæfi loforð um að snúa aldrei þangað aftur.

Ísraelsstjórn lét í dag kalla út varalið hersins til þess að kanna viðbragðsgetu þess, ef til stríðs kæmi. Samtímis var tekið fram, að engin sérstök ástæða lægi að baki útkallinu, heldur væri það gert í æfingaskyni með sama hætti líkt og gert hefði verið mörg undanfarið ár. Í viðtali í ísraelska sjónvarpinu í kvöld sagði Yitzhak Shamir forsætisráðherra: „Það er álit mitt, að það sé engin yfirvofandi hættu á styrjöld við Sýrland.“



Yasser Arafat.